

# LANDSELUR – HARBOUR SEAL

## *Phoca vitulina*

### RÁÐGJÖF – ADVICE


Hafrannsóknastofnun leggur til að stjórnvöld leiti leiða til að koma í veg fyrir beinar veiðar á landsel og lágmarka meðafla landsela við fiskveiðar. Hafrannsóknastofnun leggur einnig til að veiðistjórnunarkerfi verði innleitt fyrir selveiðar við Ísland, og að skráningar á öllum selveiðum verði lögbundnar.

*MFRI advises that direct hunt should be prevented and that actions must be taken to reduce by-catch of seals in commercial fisheries. MFRI also advises that a hunting management system should be initiated, and that reporting of all seal hunt should be mandatory.*

### STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Fjöldi landsela var metinn um 33 þús. dýr árið 1980, en fjöldinn minnkaði hratt fram til 1989 og var þá um 15 þús. dýr. Síðasta talning landsels fór fram 2016 og var stofninn metinn um 7652 dýr (95% öryggismörk: 4995-10310). Samkvæmt matinu er stofninn nú 77% minni en árið 1980 og 36% undir stjórnunarmarkmiðum stjórnvalda sem er 12 þús. dýr. Dregið hefur úr hefðbundinni nýtingu selabænda á stofninum og er því nærtækustu skýringarnar á fækkun landsels að finna í óbeinum veiðum (meðafla við fiskveiðar), veiðum í ósum laxveiðiáa, óskráðum veiðum, og óhagstæðum umhverfisbreytingum.

*In 1980, the abundance of harbour seals was estimated at around 33 thous. animals but the population declined rapidly until 1989 to around 15 thous. animals. The latest harbour seal census was conducted in 2016 and the stock was estimated to be 7652 animals (95% confidence intervals of 4995–10310). The current population size is 77% smaller than in the first abundance estimate in 1980 and the population is 36% under the management objective of 12 thous. animals. Traditional sealing has to a large extent ceded, and hence the most plausible explanations for the decline in the population are by-catch of seals, culling in salmon-river estuaries, unrecorded sealing, and unfavourable environmental conditions.*



**Landselur.** Stofnstærð samkvæmt talningum, ásamt 95% öryggismörkum. Brotin lína sýnir stjórnunarmarkmið stjórnvalda.

**Harbour seal.** Stock size with 95% confidence intervals. The broken line indicates the management objective.

## SELVEIÐAR – SEALING

Verulega hefur dregið úr hefðbundnum nytjum á landsel á undanförunum áratugum (vorkópaveiðar í net). Stærsti hluti selveiða er á ósasvæðum laxveiðiáa til að draga úr meintum áhrifum sela á stofna laxfiska. Afföll vegna óbeinna veiða (meðafli við fiskveiðar) eru enn umtalsverð. Takmörkuð gögn eru til um óbeinar veiðar, en mat sem unnið er úr gögnum sem safnað er af veiðieftirlitsmönnum og úr stofnmælingu með þorskanetum benda til að 1066 (CV = 1,20) landselir hafi veiðst í grásleppunet árið 2015 og 160 (CV = 1,80) árið 2014. Einnig veiddust 46 (CV = 0,62) landselir í þorskanet á árið 2015 en engir árið 2014. Samkvæmt matinu veiddust 86 landselir í botnvörpu árið 2015.

*Traditional sealing using nets has decreased in recent decades, but culling around river mouths to reduce the effect that seals are thought to have on salmon fisheries is still common. Seal bycatch in gillnets is also high. Limited data are available on seal bycatch but data collected by on-board observers of the Directorate of Fisheries, and in the MFRI gillnet survey, indicate that 1066 (CV = 1.20) harbour seals were by-caught in lumpfish fishery in 2015 and 160 (CV = 1.80) in 2014. Further, 46 (CV = 0.62) harbour seals were estimated as by-caught in cod gillnet fisheries in 2015, but none in 2014. 86 harbour seals were according to the estimate caught in bottom trawls in 2015.*

## HEIMILDIR OG ÍTAREFNI – REFERENCES AND FURTHER READING

Jóhann Garðar Þorbjörnsson, Erlingur Hauksson, Guðjón Már Sigurðsson & Sandra Magdalena Granquist. 2017. Aerial census of the Icelandic harbour seal (*Phoca vitulina*) population in 2016: Population estimate, trends and current status / *Landselstalning 2016: Stofnstærðarmat, sveiflur og ástand stofns*. Marine and Freshwater Research Institute, HV 2017-009. Reykjavík 2017. 22 s. <http://www.hafogvatn.is/wp-content/uploads/2016/11/hv2017-009.pdf>

NAMMCO (2016). Report of the 23rd meeting of the NAMMCO scientific committee. Nuuk, Greenland, 4-7 November 2016. <http://nammco.wpengine.com/wp-content/uploads/2017/03/sc23-report-final-21112016.pdf>